

Íslenski Söfnuðurinn í Noregi

AÐALFUNDUR


3. maí 2020

Safnaðarheimili Bøler kirkju í Osló



Freydis
FOTOGRAF

Dagskrá:

- 1. Formaður kannar hvort til fundar sé löglega boðað.**
 - 2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.**
 - 3 . Skýrsla stjórnar.**
 - 4. Stefna safnaðar og stjórnar.**
 - 5 . Skýrsla prests og Ólafíusjóðs.**
 - 6. Fjárhagsáætlun og ársreikningar.**
 - 7. Kosning í stjórn.**
 - 8. Tillögur.**
 - 9. Kosning í aðrar nefndir.**
 - 10. Önnur mál.**
- 

Skýrsla stjórnar 2019-2020

Ekki urðu breytingar á stjórn safnaðarins á aðalfundi en fljótlega varð ljóst að þáverandi formaður, Rúnar Sigríksson myndi láta af störfum. Því tók varaformaður stöðu formanns og inn kom einnig fyrsti varamaður í varaformannssætið.

Stjórn safnaðarins síðastliðið ár hafa því skipað eftirfarandi aðilar:

Jónína Margrét Arnórsdóttir, formaður, Osló

Katla Sveinbjörnsdóttir, varaformaður, Kristiansand

Ingvar Ingólfsson, gjaldkeri, Sandefjord

Björn Hallbeck, ritari, Sandefjord

Rebekka Ingibjartsdóttir, meðstjórnandi, Osló

Þetta er samhentur hópur sem vinnur að heilindum að sem bestri vegferð Íslenska safnaðarins í Noregi og meðlima hans.

Eitt af fyrstu verkum stjórnar var að ráða til starfa nýjan starfsmann á skrifstofu safnaðarins. Til starfans var fengin Margrét Björnsdóttir en hún fékk mjög fljótlega tilboð um draumastarfið sitt og staldraði því stutt við. Þá vorum við svo lánsöm að annar hæfur umsækjandi Berglind Gunnarsdóttir tók við keflinu.

Einnig var skipt um aðila sem sér um bókhald safnaðarins í apríl 2019 og fór mikil vinna í að taka í gagnið nýtt bókhaldskerfi sem auðveldar alla vinnu við greiðslu reikninga og launa.

Stjórn gerði samstarfssamning við Önnu Guðný Júlíusdóttur lögfræðing um að taka að sér að vera lögfræðingur safnaðarins og höfum við notið góðs liðsinnis af henni við ýmis mál.

Í júlí festi söfnuðurinn kaup á prestsbústað sem er svo leigður til sóknarprestisins, sr. Ingu Harðardóttur. Inga kom til starfa 1. ágúst og er óhætt að segja að það sé búið að vera í mörgu að snúast hjá henni.

Á haustdögum fengum við heimsókn frá Biskupsstofu, sr. Helgu Soffiu Konráðsdóttur prófasti í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra og sr. Þorvaldi Viðissyni biskupsritara. Þau komu og voru með fræðslu og kynntu sér starf okkar, um leið og þau tóku þátt í innsetningarmessu sr. Ingu Harðardóttur í embætti sóknarprestis safnaðarins.



Fljótlega eftir aðalfund hóf störf menningar- og listanefnd sem lagði upp með afar metnaðarfulla dagskrá. Því miður voru ekki allir í sama báti á þeim miðum svo að upp úr samstarfinu slitnaði og var því brugðið á það ráð að fá manneskju í hlutastarf sem menningarfulltrúa. Freydís Heiðarsdóttir tók við því fram að aðalfundi og mun það starf væntanlega verða auglýst til umsóknar að honum loknum.

Á árinu hefur stjórn unnið að því að setja upp sjálfseignarstofnun fyrir Ólafusjóð í samræmi við ákvörðun sem tekin var á síðasta aðalfundi. Þeirri vinnu lýkur með stofnfundi Ólafusjóðsins sem haldinn verður fyrir aðalfund safnaðarins 2020.

Á starfsárinu voru gerðir nýir samningar við íslensku kórana í Noregi og fengu öll íslendingafélögin einnig tilboð um samstarf og styrk.

Í desembermánuði gerðu sóknarprestur og formaður víðreist um Noreg og hittu fjölda fólks við athafnir og viðburði á vegum safnaðarins en það er mikilvægt að reyna að ná til sem flestra og efla starfið á landsvísu. Til að koma megi safnaðarstarfi í gang eftir umtalsverða lægð síðustu ára skiptir máli að ná sambandi við aðila á þeim svæðum sem hafa verið án þess. Það tekur tíma að vinna upp starfið en við mættum mikilli jákvæðni og þakklæti fyrir að sýna fram á að við viljum hjálpa til við að koma því á laggirnar að nýju.

Í febrúar komu saman til fundar og námskeiðs prestar, starfsmenn og sóknarnefndir íslensku safnaðanna í Skandinavíu. Þetta var afar fróðleg og gagnleg helgi þar sem við kynntumst nýjustu stefnum og aðferðum innan kirkjustarfs og áttum góðar og gefandi umræður um sérstöðu þess að vera íslenskir söfnuðir erlendis. Ákveðið var að efla samstarfið og verður nú fundað tvisvar á ári.

Starfsemi í Ólafústofu hefur smá saman verið að færast í aukana og þar er nú orðið virkilega notalegt að koma inn. Þar hafa hreiðrað um sig grænar plöntur og vísir að íslensku bókasafni. Opið er þar þriðjudaga til föstudaga frá 10:00 til 14:00 en að auki er lengri opnunartími á fimmtudögum til kl. 18:00.

Eftir sparnað seinustu ára var talsvert um uppsöfnuð viðhaldsverk í Ólafústofu og hefur viðhald húseigna verið þónokkuð á þessu starfsári. Má þar nefna breytingu á loftræstingarkerfi, lagfæringu á eldhúsi og þá var salurinn málaður. Einnig hefur verið sett upp hleðslustöð við bílastæði safnaðarins og nýtt öryggiskerfi sett upp. Við kaup á prestbústað kom í ljós að ýmislegt smálegt þurfti að bæta sem nú hefur verið gert eða er í bígerð.

Unnið hefur verið að persónuverndarstefnu safnaðarins og að gerð nýrrar heimasíðu. Báðir þessir þættir eru vandasamir og tímafrekir og hafa því dregist nokkuð á langinn.

Önnur stór verkefni eru meðlimatal safnaðarins, sem var alfarið endurgert og er nú og verður reglulega uppfært, og sameiginleg málsókn með sænsku og finnsku kirkjunni gegn Barne- og familiedepartemantet sem Sivilombudmannen lagði til. Hér hefur mikil vinna verið lögð í öflun upplýsinga og fundarhöld með ýmsum opinberum aðilum og lögfræðingum.

Í janúar sóttum við um aðild að Norges Kristne Råd og fengum þar áheyrnaraðild fram að næsta aðalfundi samtakanna sem er á næsta ári.

Við höfum fengið stuðning frá þeim í máli okkar gagnvart Barne- og familidepartemantet.

Þegar sendar voru inn tölur til Fylkesmannen varðandi fjölda meðlima í söfnuðinum þá hefur þeim fjölgað í 7432 og eru það afar ánægjulegar fréttir. Að vonum þá hefur fjárhagurinn batnað umtalsvert og því mun bjartari tímar framundan og munum við kappkosta að styðja við prest og starfsfólk til að efla starfsemina eins og kostur er á.

Meirihluti stjórnar situr áfram eftir þennan aðalfund en Rebekka Ingibjartsdóttir hefur ákveðið að draga sig í hlé frá stjórnarstörfum. Hún mun halda áfram í öðrum verkefnum innan safnaðarins.

Stjórnin þakkar fyrir starfsárið og samfylgdina og hlakkar til að takast á við framhaldið.

Stefna Íslenska safnaðarins í Noregi

Íslenski söfnuðurinn í Noregi er hluti af Þjóðkirkju Íslands. Söfnuðurinn deilir grunngildum og markmiðum starfsins með íslensku þjóðkirkjunni þó með þá sérstöðu að vera kirkja meðal Íslendinga erlendis.

Söfnuðurinn er fyrir alla, líka þá sem sækja ekki vanalega kirkju á Íslandi. Söfnuðurinn leggur áherslu á fjölbreytt starf sem höfðar til sem flestra og leitast við að vera samkomustaður Íslendinga í Noregi. Söfnuðurinn boðar einnig kristna trú meðal Íslendinga í Noregi á grundvelli evangelískrar Lútherskrar trúar og stendur fyrir reglulegu helgihaldi í Ósló og sem víðast um Noreg. Vilji er til að byggja upp fast starf á sem flestum stöðum í Noregi í samstarfi við Íslendinga búsetta á svæðinu.



Reglulega er í boði samvera og fræðsla fyrir allan aldur þó að í öndvegi séu börn og unglingar/ungmennni og þeir sem komnir eru yfir sextugt.

Allt starf safnaðarins skal vera aðgengilegt fötluðum.

Boðið er upp á kærleikspjónustu sem einkum er fólgin í sálgæsluviðtölum og heimsóknum til aldraðra og langveikra. Sóknarprestur er einnig starfsmaður Ólafusjóðs sem er hjálparsjóður nauðstaddra Íslendinga í Noregi.

Íslenski söfnuðurinn í Noregi leggur rækt við íslenska tungu og menningu í breiðum skilningi og stuðlar að listflutningi íslensks efnis t.d. tónlist, leiklist og styður félagslíf Íslendinga í Noregi á menningarlegum grundvelli.

Lögð er rækt við samvinnu og samstarf við:

- Þjóðkirkjuna á Íslandi
- Biskupsstofu
- Íslenska presta í Noregi
- Sendiráð Íslands í Noregi
- Norsku, Sænsku og Finnsku kirkjurnar í Noregi
- Norges Kristne Råd
- Íslensku söfnuðina í Skandinavíu
- Tengiliði safnaðarins víðsvegar um Noreg
- Íslenska kóra í Noregi
- Íslendingafélög í Noregi

Söfnuðurinn leggur ríka áherslu á umhverfisvernd og meðvitaða stefnu í umhverfismálum. Söfnuðurinn leitast við að hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag með ákvörðunartöku sinni og þjónustu.

Söfnuðurinn er með persónuverndarstefnu sem tekur mið af norskum og íslenskum lögum.

Íslenski söfnuðurinn í Noregi er opin og frjálsslynd kirkja, umburðarlynd og framsækin, með rætur í hefðinni en óhrædd að vaxa mót nýjum tímum.

Þið eruð öll velkomin að taka þátt í starfi safnaðarins, óháð því hvaðan þið komið eða á hvaða leið þið eruð. Þið eruð velkomin eins og þið eruð.

Íslenski söfnuðurinn í Noregi vill reynast ykkur sem stór, umburðarlynd og elskandi fjölskylda sem fagnar fjölbreytileika og samstöðu.



Stefna stjórnar Íslenska safnaðarins í Noregi

Stjórn Íslenska safnaðarins í Noregi setur sér stefnu ár hvert með það að leiðarljósi að gæta hagsmuna safnaðarins í hvívetna í samræmi við stefnu, lög og reglur safnaðarins.

Helstu áherslur eru

- Áframhaldandi uppbygging safnaðarins
 - Að styrkja fjárhagslegan grundvöll fyrir framtíðina
 - Að leita nýrra leiða til að koma til móts við fólkið
 - Að viðhalda því starfi sem fyrir er og byggja upp á fleiri stöðum í Noregi
- Fjármál, húsnæði og aðstaða

Stjórn gerir árlega fjárhagsáætlun þar sem tekið er mið af stefnumótun safnaðarins og stjórnar.

- Stjórn leitast við að fjárhagur hans sé slíkur að til sé varasjóður.
- Stjórn leitast við að skila jákvæðum rekstrarafgangi hvert ár
- Söfnuðurinn veitir Ólafíusjóði árlegt fjárframlag
- Söfnuðurinn er með skrifstofu og prestbústað í Ósló
- Allt skipulagt starf safnaðarins skal vera aðgengilegt fötluðum.

Starfsmannamál:

Söfnuðurinn hafi á að skipa hæfu, áhugasömu og ábyrgu starfsfólki. Veiti starfsfólki sínu sem best skilyrði til að helga sig hinum fjölbættu verkefnum á vettvangi safnaðarins og möguleika til þess að vaxa og dafna í starfi meðal annars með sí- og endurmenntun.

Söfnuðurinn bjóði samkeppnishæf laun.

Sjálfbóðaliðum skal veitt viðurkenning og umbun og möguleiki á námskeiðum og þjálfun.

Söfnuðurinn hefur í öndvegi fjölskylduvæna starfsmannastefnu.

Upplýsingamál:

Söfnuðurinn svarar kröfum nútímans þegar kemur að upplýsingamiðlun og skal halda úti:

- Rafrænu fréttabréfi sem gefið er út 6 sinnum á ári
- Vandaðri og lifandi heimasíðu
- Uppfærðum samfélagsmiðlum, s.s. Facebook og Instagram

Söfnuðurinn hafi samstarf við Íslendingafélögin/íslensku kórana í Noregi í tengslum við upplýsingamiðlun vegna viðburða á þeirra svæðum.

Söfnuðurinn leitast við að nýta örugga nútíma upplýsingatækni s.s. Office 365 og Azure frá Microsoft inn á við og útávið.

Meðlimatal:

Söfnuðurinn heldur úti eigin meðlimatali sem skal innihalda alla skráða einstaklinga safnaðarins á hverjum tíma, meðlimatal skal uppfæra minnst fjórum sinnum á ári.

Nýaðfluttir Íslendingar sem skráðir eru í þjóðkirkjuna skulu fá sendar til sín upplýsingar um söfnuðinn, starfsemi hans og um skráningu í söfnuðinn sem og almennar upplýsingar um að vera Íslendingur í Noregi.

Meðlimatal skal einungis vera aðgengilegt ábyrgðaraðilum þess og skal fyllsta öryggis vera gætt við vinnslu og meðferð gagna. Gæta skal þess að fylgja norskum og íslenskum persónuverndarlögum í hvívetna. Meðlimatal skal ávallt geymt í tvíriti þar sem eitt er afrit.

Samstarf:

Stjórn skal leitast við á hverjum tíma að hafa gott samstarf við alla utanaðkomandi aðila og gæta trúnaðar og heiðarleika í öllu sínu samstarfi í einu og öllu.

Lögð er rækt við samvinnu og samstarf í samræmi við stefnu safnaðarins.

Skýrsla sóknarprests

Undirrituð var þeirrar gæfu aðnjótandi að vera ráðin til safnaðarins á vordögum 2019 og tók formlega við starfinu 1. ágúst 2019. Það voru krefjandi aðstæður að ganga inn í enda miklar mannbreytingar þá yfirstaðnar hjá söfnuðinum en verkefnið hefur verið mjög gefandi og spennandi frá fyrstu stundu.

Ég vil byrja á að þakka stjórn safnaðarins, Jónínu Margréti Arnórsdóttur, Ingvari Ingólfssyni, Rebekku Ingibjartsdóttur, Birni Hallbeck og Kötlu Sveinbjörnsdóttur, fyrir frábærar móttökur, stuðning og yndislegt samstarf. Einnig verð ég að fá að þakka starfsmanni Ólafustofu, Berglindi Gunnarsdóttur, og Freydísi Heiðarsdóttur menningarfulltrúa, fyrir frábært, hugmyndaríkt og ljúft samstarf. Ég þakka Guði fyrir þá blessun að hafa verið kölluð hingað til þjónustu.

Guðsþjónustur og helgihald

Starf safnaðarins fór vel af stað í haust þó að ekki væri messað alveg jafn víða eins og stefna safnaðarins gerir ráð fyrir og hugur okkar stendur til. Margrét Ólöf Magnúsdóttir djákni á skilið mikið hrós og þakklæti fyrir að halda úti mánaðarlegum guðsþjónustum í Sandefjord og Kristiansand. Messað var reglulega í Osló og auk þess voru haldnar guðsþjónustur í Þrándheimi, Bergen, Stavanger, Tromsø og Drammen. Alls voru haldnar 35 messur eða fjölskylduguðsþjónustur, 12 fyrirbænaundir og 9 sunnudagaskólastundir.

Messur og guðsþjónustur safnaðarins hafa yfirleitt verið vel sóttar á síðustu mánuðum, en á liðnu starfsári hafa verið frá 20 til 200 manns mætt til að taka þátt í helgihaldi hverju sinni. Stundirnar hafa verið með fjölbreyttu sniði en boðið hefur verið upp á klassískar messur og fjölskyldumessur, kyrrðarmessu á Allra heilagra messu, Jólalestra og söngva á annan dag jóla, auk Ævintýradags í anda nýrrar nálgunar í helgihaldi sem söfnuðurinn vill gjarnan tileinka sér. Auk þess voru jólastundirnar sniðnar að hverjum stað fyrir sig, allt frá einföldum fjölskyldustundum yfir í jólaguðsþjónustur með kór og orgeli.



Prestar sem störfuðu í nafni safnaðarins árið 2019 eru sr Þórey Guðmundsdóttir, sr Lena Rós Matthíasdóttir og sr Arndís Ósk Hauksdóttir og fá þær bestu þakkir fyrir. Tónlistarfólkið allt fær einnig bestu þakkir fyrir tónlistina, og vil ég þar sérstaklega þakka kjarnahópnum okkar, Ískórnum, Laffi, , Rebekku Ingibjartsdóttur stjórnanda og söngkonu, Birgit Djupedal organista og stjórnanda og Zsolt Anderlik, píanóleikara. Gróa Hreinsdóttir organisti fær sérstakar þakkir fyrir samstarfið og ekki síst fyrir frumkvæðið að því að stofna Íslenska barnakórinn, sem kom m.a. fram á Aðventuhátíðinni.



Safnaðarstjórn hélt vinnufund með lykilstarfsfólki safnaðarins í Osló þann 7. mars 2020 og tóku stjórnarmeðlimir einnig þátt í samnorrænni messu á sunnudeginum 8. mars en Ísland var í aðalhlutverki þetta árið með söng Ískórsins, predikun á íslensku og bænum og sálum á öllum norðurlandamálunum.

Menningarnefnd stóð fyrir vel heppnuðum tónleikum í Sjøholmen í september þar sem fjöldi íslensks tónlistarfólks kom fram. Nefndin lauk störfum í október 2019. Til að halda utan um menningarmál safnaðarins var Freydís Heiðarsdóttir beðin um að taka að sér að vera menningarfulltrúi. Það hefur gefist vel og undir hennar forystu hefur söfnuðurinn staðið fyrir mörgum viðburðum og skemmtilegum nýjungum, eins og Músikbingói og Jólaföndri, auk þess sem Ólafíuhátíðin var ljúf og vel heppnuð með kökusölu unglínganna í æskulýðsstarfinu og framlagi íslensks listafólks.

Aðventuhátíðin í Osló var með öðru sniði en síðustu ár og þótti vel takast til með opnu húsi yfir lengri tíma, sögustund og fjölbreyttum tónlistaratriðum. Húsfyllir var í safnaðarsal Uranienborgarkirkju og mikil og góð stemning.



Prófastur sr Helga Soffía Konráðsdóttir og sr Þorvaldur Víðisson, biskupsritari heimsóttu söfnuðinn í byrjun september. Þau áttu góðan fund með safnaðarstjórn og undirritaðri á laugardeginum og tóku þátt í hátíðlegri innsetningarmessu á sunnudeginum.

Húsnæðismál voru tímafrek á liðnum vetri þar sem söfnuðurinn missti fastan samastað sinn í Nordberg kirkju vegna yfirvofandi viðhaldsverkefna þar. Það setti mark sitt á starf síðasta vetrar en mikill tími og orka fór í að finna lausar kirkjur og húsnæði fyrir messur og viðburði á vegum safnaðarins. Við höfum því þurft að vera einstaklega sveigjanleg og lausnamiðuð. Í Osló hafa guðsþjónustur farið fram í Bøler kirkju og Sænsku Margaretakirkjunni, Ólafíuhátíðin fór fram í Grønland kirkju, Aðventuhátíðin í Uranienborg Menighetssal en auk þess hafa menningarviðburðir farið fram í Stiftelsen Markus menighetshus og Sjøholmen. Á landsbyggðinni þurfti einnig að endurnýja eða koma á nýju sambandi við tengiliði. Sum staðar var hægt að fá inni í kirkjum sem söfnuðurinn hefur áður fengið afnot af en annars staðar þurfti að leggja í mikla vinnu til að fá húsnæði. Með úrræðagóðu og lausnamiðuðu samstarfsfólki og tengiliðum hefur það allt gengið upp.

Ólafíustofa er ótrúlega mikilvæg í starfsemi safnaðarins með skrifstofu og safnaðarheimili, þar sem mikið líf fer fram, m.a. kóræfingar, safnaðarstarf og AA fundir, auk fjölda funda og sálgæsluviðtala. Starfsfólk og stjórn hefur lagt sig fram um að þar sé hlýlegt og þangað sé gott að koma. Berglind Gunnarsdóttir hefur leitt innanhúsbreytingar, t.d nýtt bókahorn, og Elísabet Steingrímsdóttir heldur þar öllu hreinu og fínu. Þær fá bestu þakkir fyrir það.

Aðrar kirkjulegar athafnir og kærleikspjónusta

Skírð voru 10 börn á liðnum vetri, í heimahúsum og út í skógi, m.a. í Osló, Mysen, Balestrand, Drammen, Lillesand og Sandefjord. Undirrituð hefur sinnt einni hjónavígslu en engin jarðarför fór fram á vegum safnaðarins. 25 börn sækja **fermingarfræðslu** safnaðarins veturinn 2019-20 en það er svipaður fjöldi og í fyrra. Fermingum vorsins hefur verið frestað til hausts, en söfnuðurinn vonast til að hægt verði að ferma á Íslandi þann 28. júní.



Prestar á vegum safnaðarins sinntu **sálgæslu og kærleikspjónustu** á vegum safnaðarins, m.a. í Mehamn síðasta sumar, auk þess sem farið var í sjúkravitjanir í Osló og sálgæsluviðtöl voru veitt á skrifstofu safnaðarins. Einnig voru fjölmörg símaviðtöl veitt.

Ólafúsjóður Íslenska safnaðarins í Noregi var stofnsettur 1. nóvember 2009. Í sjóðsstjórn sitja Rannveig María Gísladóttir, Ágústa María Figved og Steinunn Þórðardóttir. Varamaður í stjórn er Guðbjörg Magnúsdóttir. Undirrituð situr fundi og fylgir eftir umsóknum sem þangað berast. Unnið er að því að Ólafúsjóður verði sjálfseignarstofnun rekin af Íslenska söfnuðinum sem jafnframt er aðalstyrktaraðili sjóðsins.

Safnaðarstarfið

Sunnudagaskóli hefur verið í Osló þegar ekki er fjölskylduguðspjónusta. Söfnuðurinn er opinn fyrir því að heyra frá fólki sem er tilbúið að koma af stað sunnudagaskóla eða öðru starfi um landið. Sunnudagaskólinn í Osló er undir forystu Rebekku Ingibjartsdóttur en auk hennar hafa Unnur Eyrún, Elín Björg Eyjólfsdóttir, Kristjana Vera Mjallardóttir og Zsolt Anderlik starfað við sunnudagaskólann.

Fjölskyldudagur í Þrándheimi var haldinn í nóvember með sögustundinni Jólin hans Hallgríms og pönnukökubakstri í ævintýrlegu umhverfi. Stefnt er að því að koma af stað fjölskyldustundum, reglubundnu safnaðarstarfi og/eða viðburðum fyrir fjölskyldur víða um land og í Álasundi, Þrándheimi og Bergen er búið að fá gott fólk í lið með okkur. Vonandi bætast fleiri í þann góða hóp þegar líður á árið.



Æskulýðsfélög eru starfrækt í Osló, Sandefjord og Porsgrunn. Æskulýðsstarf safnaðarins er hluti af æskulýðssambandi Þjóðkirkjunnar – ÆSKP. Ungmennahópurinn í Osló, sem hittist tvisvar í mánuði, er í umsjón Rebekku Ingibjartsdóttur og með henni starfa Lilja Margrét Ómarsdóttir, Kristjana Vera Mjallardóttir og ungleiðtogar. Margrét Ólöf Magnúsdóttir, djákni, sér um æskulýðshópinn í Porsgrunn, og hefur líka séð um æskulýðsstarfið í Sandefjord, allt þar til í janúar 2020 en þá var tekið upp samstarf við Íslendingafélagið Jötun í Vestfold. Sara Ólafsdóttir starfar í æskulýðsfélaginu í Porsgrunn og í Sandefjord.

Fermingarfræðslan hefur farið fram á skrifstofu safnaðarins og á netinu auk þess sem farið var í fermingarferð í Norefjell í september. Undanfarin ár hafa fermingarbörn íslensku safnaðanna í Noregi, Svíþjóð og Danmörku hist í október og í maí á fermingarfræðslunámskeiði og nú á að taka þetta samstarf upp að nýju. Því miður þarf að fresta ferðinni sem átti að vera í byrjun maí þar til í ágúst vegna heimsfaraldursins sem

nú geisar. Þessi kynni barnanna eru ómetanleg sem og öll samvinna prestanna og því gleðjumst við yfir því að þetta samstarf sé aftur komið á.

Krilakaffi fyrir foreldra með ung börn hefur verið haldið í Ólafústofu einu sinni til tvisvar í mánuði á þesum vetri og þátttaka verið mjög góð. Fyrir jólin var gerð tilraun með kynslóðakaffi og komu þá félagar úr 60+ og kenndu handtökin í laufabrauðsgerð. Það var gefandi og gaman.



60+ Hópur fólks á besta aldri hittist einu sinni í mánuði í Ósló, þar sem boðið er upp á hádegismat og góða samveru. Íslenski sendiherrann, Ingibjörg Davíðsdóttir kom í heimsókn við mikla ánægju. Upplestur, bíódagur, jólaveisla og leikhúsferð hefur einnig verið á dagskránni. Hópur 60+ er einnig farinn af stað í Sandefjord og var sameiginleg vorferð hópanna í bígerð en þau plön hafa nú verið sett á ís.

Krakkaklúbbur TTT starf fyrir 10 til 12 ára sem breyttist í Krakkaklúbbinn fyrir börn á grunnskólaaldri fékk góðan hljómgrunn en því miður sáu fáir sér fært að mæta á þeim tíma sem við vorum að prófa okkur áfram með. Freydís Heiðarsdóttir var með umsjón með starfinu ásamt undirritaðri en ljóst er að við þurfum að finna aðra tímasetningu til að þjóna þessum hópi betur.

Unglingahelgi og leiðtogaþjálfun fyrir ungmenni frá 15 ára aldri átti að fara fram í Norefjell um miðjan apríl en því miður verðum við að hætta við þau áform. Stefnt er að því að Unglingahelgin verði á dagskrá næsta vetrar.

Sumarbúðir fyrir 10 til 12 ára börn eiga að fara fram um 10.-14. ágúst í Knattholmen.

Samvinna

Messukaffið er framhald guðspjónustunnar. Það er dýrmætt fyrir okkur að geta sest niður og kynnst hvert öðru. Íslendingar og Íslendingafélögin um landið allt eiga hrós skilið fyrir skipulag og bakstur. Ískórinn, Sönghópurinn Laffi, félagar úr 60+, Ungmennahópurinn í Ósló og foreldrar fermingarbarna fá einnig þakkir fyrir sitt óeigingjarna framlag.



Ískórinn og sönghópurinn Laffi syngja við guðspjónustur í Ósló. Það er ómetanlegt að eiga kórana og stjórnendur þeirra að við helgihald. Kór Kjartans í Þrándheimi og Sönghópurinn Björgvin í Bergen sungu við jólamessurnar og er samstarf við kórana alla söfnuðinum mjög dýrmætt.

Prestur hefur getað leitað til sendiherra og starfsfólksins á sendiráðsskrifstofunni með hvaðeina sem kemur upp á. Sú samvinna og stuðningur sem þaðan kemur er mjög mikilvæg.

Samstarf við Íslensku söfnuðina í Svíþjóð og Danmörku hefur verið endurvakið. Leiðtogar og starfsfólk safnaðarins tóku þátt í haustnámskeiði Þjóðkirkjunnar í Gautaborg í lok ágúst, ásamt hinum íslensku söfnuðunum á Norðurlöndunum. Það var gríðarlega vel heppnað og stefnt að því að sem flestir sem starfa fyrir söfnuðinn eigi þess kost að sækja námskeiðið næsta haust. Sr Aðalsteinn Þorvaldsson og sr Sigfús

Kristjánsson leiddu hópefli og fræðslu en sr Ágúst Einarsson og sóknarnefndin í Svíþjóð tók á móti öllum mannskapnum af mikilli gestrisni.



Vel heppnaður samstarfsfundur var einnig haldinn í byrjun í febrúar í Solåsen í Son. Sóknarnefndir, prestar og lykilmóttak í safnaðarstarfi hittist þar til að ræða samstarf og framtíðarsýn. Einnig komu góðir gestir frá Íslandi með fræðslu en sr Hildur Björk Hörpudóttir og sr Jóhanna Gísladóttir héldu fyrirlestur um fjölskylduboðun og MessyChurch hugmyndafræðina, auk kynningar á bænaþjóga. Íslensku söfnuðirnir á Norðurlöndunum stefna á gott samstarf um fermingarferðir, unglingabúðir, haustnámskeið og samstarfsfundir. Það er gott að eiga svo góða samstarfsfélaga að í nágrenninum.

Prestur, starfsfólk og stjórn safnaðarins hefur lagt sig eftir samstarfi á flestum þeim sviðum er varða málefni Íslendinga og taka fagnandi á móti þeim sem vilja eiga samstarf við söfnuðinn.

Lokaorð

Þegar ég byrjaði í haust var ljóst að verkefni eru fjölmörg og að uppbyggingin mun ekki gerast á einni nóttu. Það var líka strax ljóst að hér er mikill mannauður, metnaður til uppbyggingar og hlýtt og styðjandi samfélag sem vill leggja sitt af mörkum.

Ég vil þakka öllum þeim sem taka þátt, sýna áhuga, mæta, hjálpa til, vinna sjálfboðastarf og sýna stuðning í orði og verki. Við þurfum að vinna uppbyggingarstarfið saman því að Íslenski söfnuðurinn í Noregi er lifandi samfélag, opið öllum, líka þeim sem fara ekki venjulega í kirkju á Íslandi. Ég vona að söfnuðurinn okkar haldi áfram að byggjast upp sem opin og frjálsslynd kirkja, umburðarlynd og framsækin, með rætur í hefðinni en óhrædd að vaxa mót nýjum tímum.

Inga Harðardóttir , Osló 30. apríl 2020



Skýrsla Ólafíusjóðs

Í sjóðsstjórn sitja Rannveig María Gísladóttir - formaður, Ágústa María Figved og Steinunn Þórðardóttir. Varamaður í stjórn er Guðbjörg Magnúsdóttir. Undirrituð situr fundi og fylgir eftir umsóknum sem þangað berast.

Fundir

Fundir voru 10 á vetrinum 2019-2020 og fóru flestir fram á netinu.

Úthlutun

Orðið var við 7 umsóknum um aðstoð frá sjóðnum á starfsárinu og nam heildarupphæð þeirra 58000. 3 umsóknum var ekki hægt að verða við.

Fjárhagsstaða sjóðsins

Tekjur sjóðsins á árinu voru kr. 50 000,-. Gjafir voru kr. 3 175,50.-

Í sjóðnum við árslok 2019 voru kr. 62 177,47-

Helstu verkefni

Mannabreytingar hafa verið í stjórn sjóðsins en sú stjórn sem nú starfar hefur sett í forgang að svara umsóknum eins fljótt og auðið er. Ennfremur hefur verið unnið ötullega að því að gera breytingar á stöðu sjóðsins og gera hann að sjálfstæðri einingu. Ólafíusjóður á að vera sjálfseignarstofnun rekin af Íslenska söfnuðinum í Noregi en söfnuðurinn er jafnframt helsti styrktaraðili sjóðsins.

Inga Harðardóttir, prestur Íslenska safnaðarins í Noregi

Osló 1. apríl 2020

Årsregnskap 2019

Den Islandske Evangeliske- Lutherske Menighet I Norge

Resultatregnskap
Balanse
Noter til regnskapet

Resultatregnskap

Den Islandske Evangeliske- Lutherske Menighet I Norge

DRIFTSINNTEKTER OG DRIFTSKOSTNADER	NOTE	2019	2018
Annen driftsinntekt	1	7 048 432	3 445 605
Sum driftsinntekter		<u>7 048 432</u>	<u>3 445 605</u>
Lønnskostnad	3	2 661 156	2 367 185
Avskrivning av driftsmidler og immaterielle eiendeler	6	99 200	0
Annen driftskostnad	3, 4	2 218 279	1 622 835
Sum driftskostnader		<u>4 978 635</u>	<u>3 990 020</u>
Driftsresultat		<u>2 069 797</u>	<u>-544 415</u>
FINANSINNTEKTER OG FINANSKOSTNADER			
Annen renteinntekt		12 827	16 695
Annen rentekostnad	5	46 905	604
Annen finanskostnad		3 220	0
Resultat av finansposter		<u>-37 298</u>	<u>16 091</u>
Årsresultat		<u>2 032 499</u>	<u>-528 324</u>
OVERFØRINGER			
Avsatt til annen egenkapital		2 032 499	-528 324
Sum overføringer		<u>2 032 499</u>	<u>-528 324</u>

Balanse

Den Islandske Evangeliske- Lutherske Menighet I Norge

EIENDELER	NOTE	2019	2018
ANLEGGSMIDLER			
VARIGE DRIFTSMIDLER			
Tomter, bygninger o.a. fast eiendom		9 439 205	3 544 205
Driftsløsøre, inventar o.a. utstyr		475 308	487 315
Sum varige driftsmidler	6	<u>9 914 512</u>	<u>4 031 520</u>
FINANSIELLE ANLEGGSMIDLER			
Andre langsiktige fordringer		0	12 000
Sum finansielle anleggsmidler		<u>0</u>	<u>12 000</u>
Sum anleggsmidler		<u>9 914 512</u>	<u>4 043 520</u>
OMLØPSMIDLER			
FORDRINGER			
Andre kortsiktige fordringer		105 018	0
Sum fordringer		<u>105 018</u>	<u>0</u>
Bankinnskudd, kontanter o.l.	2	4 507 507	4 935 332
Sum omløpsmidler		<u>4 612 525</u>	<u>4 935 332</u>
Sum eiendeler		<u>14 527 037</u>	<u>8 978 852</u>


Balanse


Den Islandske Evangeliske- Lutherske Menighet I Norge


EGENKAPITAL OG GJELD	NOTE	2019	2018
EGENKAPITAL			
OPPTJENT EGENKAPITAL			
Annen egenkapital		10 409 566	8 377 067
Sum opptjent egenkapital		<u>10 409 566</u>	<u>8 377 067</u>
Sum egenkapital		<u>10 409 566</u>	<u>8 377 067</u>
GJELD			
ANNEN LANGSIKTIG GJELD			
Gjeld til kredittinstitusjoner	5	3 394 147	0
Sum annen langsiktig gjeld		<u>3 394 147</u>	<u>0</u>
KORTSIKTIG GJELD			
Leverandørgjeld		160 245	0
Skyldig offentlige avgifter		175 271	370 676
Annen kortsiktig gjeld		387 808	231 109
Sum kortsiktig gjeld		<u>723 325</u>	<u>601 785</u>
Sum gjeld		<u>4 117 471</u>	<u>601 785</u>
Sum egenkapital og gjeld		<u>14 527 037</u>	<u>8 978 852</u>


Oslo, 24.02.2020


Styret i Den Islandske Evangeliske- Lutherske Menighet I Norge


Jonina Margret Arnorsdottir
styreleder


Katla Sveinbjörnsdottir
nestleder


Ingvar Ingolfsson
styremedlem


Helgi Eric Björn Hallbeck
styremedlem


Rebekka Ingibjartsdottir
styremedlem

Regnskapsprinsipper

Årsregnskapet er satt opp i samsvar med regnskapsloven og NRS 8 - God regnskapsskikk for små foretak.

Driftsinntekter

Inntektsføring ved salg av varer skjer på leveringstidspunktet. Tjenester inntektsføres etter hvert som de leveres.

Klassifisering og vurdering av anleggsmidler

Anleggsmidler omfatter eiendeler bestemt til varig eie og bruk. Anleggsmidler er vurdert til anskaffelseskost. Varige driftsmidler balanseføres og avskrives over driftsmidlets økonomiske levetid. Varige driftsmidler nedskrives til gjenvinnbart beløp ved verdifall som forventes ikke å være forbigående. Gjenvinnbart beløp er det høyeste av netto salgsverdi og verdi i bruk. Verdi i bruk er nåverdi av fremtidige kontantstrømmer knyttet til eiendelen. Nedskrivningen reverseres når grunnlaget for nedskrivningen ikke lenger er til stede.

Klassifisering og vurdering av omløpsmidler

Omløpsmidler og kortsiktig gjeld omfatter normalt poster som forfaller til betaling innen ett år etter balansedagen, samt poster som knytter seg til varekretsløpet. Omløpsmidler vurderes til laveste verdi av anskaffelseskost og virkelig verdi.

Fordringer

Kundefordringer og andre fordringer oppføres til pålydende etter fradrag for avsetning til forventet tap. Avsetning til tap gjøres på grunnlag av en individuell vurdering av de enkelte fordringene.

Note 1 Annen driftsinntekt

	2019	2018
Leieinntekter	94 500	0
Statstilskudd	3 309 591	1 488 363
Kommunetilskudd	3 291 362	1 599 716
Momskompensasjon	261 395	283 749
Inntekter krisefondet	0	73 777
Annen støtte	76 366	0
Andre inntekter	15 218	0
Sum	7 048 432	3 445 605

Note 2 Bankinnskudd

Innestående midler på skattetrekkskonto (bundne midler)er på kr. 96 471.

Note 3 Lønnskostnader og ytelser, godtgjørelser til daglig leder, styret og revisor

<i>Lønnskostnader</i>	<i>2019</i>	<i>2018</i>
Lønninger	2 190 651	2 042 280
Arbeidsgiveravgift	316 526	292 506
Pensjonskostnader	38 027	32 399
Andre ytelser	115 951	0
Sum	2 661 156	2 367 185

Stiftelsen har i 2019 sysselsatt 4 årsverk. Stiftelsen har ikke daglig leder. Godtgjørelse til styret i perioden har vært kr. 61 400.

Pensjonsforpliktelser

Stiftelsen er pliktig til å ha tjenestepensjonsordning etter lov om obligatorisk tjenestepensjon. Stiftelsens pensjonsordninger tilfredsstiller kravene i denne lov.

Revisor

Kostnadsført revisjonshonorar for 2019 utgjør kr 0.

Note 4 Annen driftskostnad

	<i>2019</i>	<i>2018</i>
Kostnader lokaler	229 634	249 967
Anskaffelser/medlemsregister	302 963	405 381
Kontordrift	201 126	198 594
Aktiviteter	578 530	200 574
Eksterne honorarer	311 752	286 869
Reisekostnader	277 767	207 893
Kulturtiltak	217 126	44 869
Annonser	24 373	0
Forsikringer	10 074	12 928
Øvrige kostnader	64 933	15 761
Sum	2 218 279	1 622 835

Note 5 Annen langsiktig gjeld

<i>Gjeld som forfaller mer enn fem år etter regnskapsårets slutt:</i>	<i>2019</i>	<i>2018</i>
Gjeld til kredittinstitusjoner	3 394 147	0
Sum annen langsiktig gjeld	3 394 147	0

Lånets nedbetalingsplan er 25 år. Rentesatsen er 4,25 %.

Stiftelsens langsiktige gjeld er sikret med pant i stiftelsens bygninger for inntil kr. 5 700 000. Bokført verdi på pantsatte midler per 31.12 utgjorde kr. 5 894 999.

Note 6 Anleggsmidler

	<i>Inventar</i>	<i>Pilestredet park 20</i>	<i>Gamle Bygdevei 197</i>	<i>Sum</i>
Anskaffelseskost pr. 01.01.2019	487 315	3 544 205		4 031 520
Tilgang kjøpte anleggsmidler	87 193		5 895 000	5 982 193
Anskaffelseskost 31.12.2019	574 508	3 544 205	5 895 000	10 013 712
Årets ordinære avskrivninger	99 200			99 200
Av- og nedskrivninger pr. 31.12.2019	99 200			99 200
Bokført verdi 01.01.2019	487 315	3 544 205		4 031 520
Tilgang i året	87 193		5 895 000	5 982 193
Årets avskrivning og nedskrivning	99 200			99 200
Bokført verdi 31.12.2019	475 308	3 544 205	5 895 000	9 914 512
Økonomisk levetid		5 år		

fH?FGA7<; 8GF8>NEA: `y`i /#i(! ~#i (ž/ /+~#fv!i(ž/x! *)L/ (ž/ "/#fL/) i#\$' fV

Til:

Glommen Revisjon AS

Sted: Oslo

Dato: 20.02.2020

I forbindelse med Deres revisjon av regnskapet for DEN ISLANDSKE EVANGELISKE- LUTHERSKE MENIGHET I NORGE pr. 31.12. 2019, bekrefter vi at regnskapet blir avlagt i overensstemmelse med det gjeldende rammeverket for økonomisk rapportering.

Vi bekrefter etter beste evne og overbevisning at:

Regnskap

Vi har oppfylt vårt ansvar for å påse at selskapets regnskap og formuesforvaltning er gjenstand for betryggende kontroll, herunder slik intern kontroll som vi finner nødvendig for å muliggjøre utarbeidelsen av et regnskap som ikke inneholder vesentlig feilinformasjon, verken som følge av misligheter eller feil. Vi har videre oppfylt vårt ansvar for utarbeidelsen av regnskapet, og mener at regnskapet gir et rettviseende bilde i samsvar med regnskapsloven og god regnskapsskikk.

Viktige forutsetninger som er brukt av oss ved utarbeidelsen av regnskapsestimater, herunder regnskapsestimater målt til virkelig verdi, er rimelige.

Vi har tatt tilstrekkelig hensyn til og opplyst om forhold til nærstående parter og transaksjoner med disse i overensstemmelse med kravene regnskapsloven og god regnskapsskikk.

Alle hendelser etter datoen for regnskapet og forhold som medfører korrigerende eller omtale, er korrigert eller omtalt.

Vi mener at virkningen av ikke-korrigert feilinformasjon er uvesentlig, både enkeltvis og samlet for regnskapet sett som helhet.

Opplysninger som er gitt

Vi har gitt revisor:

Tilgang til alle opplysninger som vi har kjennskap til, som er relevante for utarbeidelsen av regnskapet, som regnskapsregistreringer, dokumentasjon og andre saker, tilleggsopplysninger som revisor har bedt om fra oss for revisjonsformål, og ubegrenset tilgang til personer i selskapet som det etter revisors vurdering er nødvendig å innhente revisjonsbevis fra.

Alle transaksjoner er registrert i regnskapsposter og reflektert i regnskapet.

Vi har gitt revisor opplysninger om resultatene av vår vurdering av risikoen for at regnskapet kan inneholde vesentlig feilinformasjon som følge av misligheter.

Vi har gitt revisor alle opplysninger om eventuelle misligheter eller mistanker om misligheter som vi er kjent med og som kan ha påvirket selskapet, og som involverer: ledelsen, ansatte som har en betydningsfull rolle i intern kontroll, eller andre hvor misligheten kunne hatt en vesentlig virkning på regnskapet.

Vi har gitt revisor alle opplysninger om eventuelle påstander om misligheter eller mistanke om misligheter som kan ha påvirket selskapets regnskap og som er kommunisert av ansatte, tidligere ansatte, analytikere, tilsynsmyndigheter eller andre.

Vi har gitt revisor opplysninger om alle kjente tilfeller av manglende overholdelse eller mistanke om manglende overholdelse av lover og forskrifter som kan ha betydning for utarbeidelsen av regnskapet.

Vi har gitt revisor opplysninger om identiteten til selskapets nærstående parter og alle forhold til nærstående parter og transaksjoner med disse som vi er kjent med.

Vi har på tilbørlig måte regnskapsført eller opplyst om alle forpliktelse, både aktuelle og latente, og har i notene til regnskapet gitt opplysninger om alle garantier avgitt til tredjeparter. Selskapet har tilfredsstillende hjemmel til alle eiendeler, og det er ingen pantsettelser av eller heftelser på selskapets eiendeler, med unntak av dem som fremgår av notene til regnskapet.

Medlemmer

Rutiner med inn og utmeldinger av medlemmer fungerer bra. Det betyr at medlemslistene er oppdatert og det søkes kun for reelle og aktive medlemmer pr. 31.12.19.


Styreleder – Jonína Margret Arnorsdóttir


Styremedlem – Ingvar Ingolfsson

Til årsmøte i

Den Islandske menighet i Norge

Uavhengig revisors beretning

Uttalelse om revisjonen av årsregnskapet

Konklusjon

Vi har revidert årsregnskapet for Den islandske menighet i Norge som viser et positivt aktivitetsresultat på NOK 2 032.499,-. Årsregnskapet består av balanse per 31. desember 2019, aktivitetsregnskap for regnskapsåret avsluttet per denne datoen og noter, herunder et sammendrag av viktige regnskapsprinsipper.

Etter vår mening er det medfølgende årsregnskapet avgitt i samsvar med lov og forskrifter og gir et rettviseende bilde av selskapets finansielle stilling per 31. desember 2019, og av dets resultater for regnskapsåret avsluttet per denne datoen i samsvar med regnskapslovens regler og god regnskapsskikk i Norge.

Grunnlag for konklusjonen

Vi har gjennomført revisjonen i samsvar med lov, forskrift og god revisjonsskikk i Norge, herunder de internasjonale revisjonsstandardene (ISA-ene). Våre oppgaver og plikter i henhold til disse standardene er beskrevet i Revisors oppgaver og plikter ved revisjon av årsregnskapet. Vi er uavhengige av organisasjonen slik det kreves i lov og forskrift, og har overholdt våre øvrige etiske forpliktelser i samsvar med disse kravene. Etter vår oppfatning er innhentet revisjonsbevis tilstrekkelig og hensiktsmessig som grunnlag for vår konklusjon.

Øvrig informasjon

Ledelsen er ansvarlig for øvrig informasjon. Øvrig informasjon består av årsberetning, men inkluderer ikke årsregnskapet og revisjonsberetningen.

Vår uttalelse om revisjonen av årsregnskapet dekker ikke øvrig informasjon, og vi attesterer ikke den øvrige informasjonen.

I forbindelse med revisjonen av årsregnskapet er det vår oppgave å lese øvrig informasjon med det formål å vurdere hvorvidt det foreligger vesentlig inkonsistens mellom øvrig informasjon og årsregnskapet, kunnskap vi har opparbeidet oss under revisjonen, eller hvorvidt den tilsynelatende inneholder vesentlig feilinformasjon. Dersom vi hadde konkludert med at den øvrige informasjonen inneholder vesentlig feilinformasjon er vi pålagt å rapportere det. Vi har ingenting å rapportere i så henseende.

Styrets og daglig leders ansvar for årsregnskapet

Styret og daglig leder er ansvarlig for å utarbeide årsregnskapet i samsvar med lov og forskrifter, herunder for at det gir et rettviseende bilde i samsvar med regnskapslovens regler og god regnskapsskikk i Norge. Ledelsen er også ansvarlig for slik intern kontroll som den finner nødvendig for å kunne utarbeide et årsregnskap som ikke inneholder vesentlig feilinformasjon, verken som følge av misligheter eller utilsiktede feil.

Ved utarbeidelsen av årsregnskapet må ledelsen ta standpunkt til organisasjonens evne til fortsatt drift og opplyse om forhold av betydning for fortsatt drift. Forutsetningen om fortsatt drift skal legges til grunn for årsregnskapet så lenge det ikke er sannsynlig at virksomheten vil bli avviklet.

Revisors oppgaver og plikter ved revisjonen av årsregnskapet

Vårt mål er å oppnå betryggende sikkerhet for at årsregnskapet som helhet ikke inneholder vesentlig feilinformasjon, verken som følge av misligheter eller utilsiktede feil, og å avgi en revisjonsberetning som inneholder vår konklusjon. Betryggende sikkerhet er en høy grad av sikkerhet, men ingen garanti for at en revisjon utført i samsvar med lov, forskrift og god revisjonsskikk i Norge, herunder ISA-ene, alltid vil avdekke vesentlig feilinformasjon som eksisterer. Feilinformasjon kan oppstå som følge av misligheter eller utilsiktede feil. Feilinformasjon blir vurdert som vesentlig dersom den enkeltvis eller samlet med rimelighet kan forventes å påvirke økonomiske beslutninger som brukerne foretar basert på årsregnskapet.

Det henvises til <https://revisorforeningen.no/revisjonsberetninger> som inneholder en beskrivelse av revisors oppgaver og plikter.

Uttalelse om øvrige lovmessige krav


Konklusjon om årsberetningen

Basert på vår revisjon av årsregnskapet som beskrevet ovenfor, mener vi at opplysningene i årsberetningen om årsregnskapet, forutsetningen om fortsatt drift og forslaget til disponering av overskuddet er konsistente med årsregnskapet og i samsvar med lov og forskrifter.

Konklusjon om registrering og dokumentasjon

Basert på vår revisjon av årsregnskapet som beskrevet ovenfor, og kontrollhandlinger vi har funnet nødvendig i henhold til internasjonal standard for attestasjonsoppdrag (ISAE) 3000 «Attestasjonsoppdrag som ikke er revisjon eller forenklet revisorkontroll av historisk finansiell informasjon», mener vi at ledelsen har oppfylt sin plikt til å sørge for ordentlig og oversiktlig registrering og dokumentasjon av selskapets regnskapsopplysninger i samsvar med lov og god bokføringsskikk i Norge.

Kongsvinger, 20.02.2020
Glommen Revisjon AS



Tom Sverre Bang
Reg.revisor

FJÁRHAGSÁETLUN 2020 (JAN-DES)

Tekjur			Hvað er undir hverjum lið	
Sóknargjöld	kr	7 264 037		
Leigutekjur	kr	252 000		
Endurgreiddur VSK	kr	250 000		
Styrkir	kr	75 000		
Vextir	kr	25 000		
Samtals:	kr	7 866 037		
Útgjöld				
1. Börn	kr	422 130	1. Börn ^(1,2)	2. Unglingar ⁽³⁾
- þar af laun	kr	187 070	- Sunnudagaskólinn	- Unglingafundir
2. Unglingar	kr	379 047	- Krakkajör (áður TTT)	- Leiðtoganámskeið
- þar af laun	kr	163 687	- Sumarbúðir barna (10-12)	- Ungmennabúðir
3. Heldri borgarar	kr	178 800	- Jóláböll	- Æskulýðsmót Íslandi
- þar af laun	kr	-	- Krílahittingur	
4. Fermingarbörn	kr	316 046	3. Heldri borgarar	4. Fermingarbörn
- þar af laun	kr	54 326	- Vorferð	- Fermingarbúðir
5. Ólafiusjóður	kr	270 650	- Haustfagnaður (Leikhús)	- Fermingarfræðsla
- þar af laun	kr	59 050	- Fundir heldri borgara	- Efniskostnaður
6. Fullorðingsfræðsla	kr	173 110	- Heldri borgarar utan Óslóar	- Ferðakostnaður
- þar af laun	kr	129 910		- Gjafir
7. Stjórnun	kr	2 828 478	5. Ólafiusjóður ⁽⁴⁾	6. Fullorðingsfræðsla
- þar af laun	kr	2 138 762	- Laun	- Hjónanámskeið
8. Menning	kr	264 000	- Styrkur	- Sjálfstyrkingar námskeið
- þar af laun	kr	-	- Rekstur	- Ferðakostnaður
9. Prestþjónusta	kr	860 192	7. Stjórnun ^(5,6)	8. Menning ⁽⁷⁾
- þar af laun	kr	37 792	- Laun starfsfólks	- Aðventuhátíð
11. Ólafíustofa	kr	346 136	- Rekstrarkostnaður	- Ólafíuhátíð
- þar af laun	kr	-	- Ferðakostnaður	- Aðrir menningarviðburðir
12. Prestbústaður	kr	339 600	- Fundarkostnaður	
- þar af laun	kr	-	- Allur sameiginlegur kostnaður	11. Ólafíustofa ⁽⁹⁾
Samtals rekstur:	kr	6 427 687	- Meðlimatal	- Rekstur Ólafíustofu
- þar af laun	kr	2 922 895	9. Prestþjónusta ⁽⁸⁾	- Viðhald
Áætlaður rekstrar afgangur:	kr	1 438 350	- Leiga á kirkjum	12. Prestbústaður ⁽¹⁰⁾
			- Tónlist í kirkjum	- Rekstur
			- Kórar	- Afborganir
			- Kirkjukaffi	- Viðhald
			- Allt sem tengist helgihaldi	- Útleiga
			- Ferðakostnaður	

Stórir kostnaðarliðir á árinu 2020 (notes)

1. Fyrstu sumarbúðir safnaðarins verða í sumar og er gert ráð fyrir um **kr. 70.000,-** kostnaði vegna þessa.
2. Það er gert ráð fyrir að auka fjölda staða þar sem skipulagt barnastarf fer fram á **kr. 70.900**.
3. Stjórn hefur gert ráð fyrir að ungmennum sé gefinn kostur á að fara á æskulýðsmót á Íslandi í ár, áætlað **kr. 80.000,-**.
4. Stofnframlag sem er aukaframlag uppá **kr. 100.000,-** fellur á 2020 en ekki 2019 eins og var gert ráð fyrir.
5. Ný heimasíða og taka í gegn ytri mynd safnaðarins (Facebook profil, Fréttabréf og fleira) **kr 40.000,-**.
6. Á árinu stendur til að forrita nýtt kerfi til að sjá um meðlimatalið til að mæta opinberum kröfum **kr. 250.000,-**.
7. Gert ráð fyrir einum nýjum stórum menningarviðburði **kr. 80.000,-**.
8. Almenn er unnið að því að fjölga viðburðum út á landi en það felur í sér kostnaðarauka, **kr. 300.000,-**.
9. Enn er nokkrum hlutum ólokið m.a. vegna úttektar á Ólafíustofu. Óviss upphæð **kr. 100.000,-**.
10. Þarf að setja inn hitaofna og skipta um dekk á palli á bakvið prestbústað. Óviss upphæð **kr. 100.000,-**.

Öll fjárhagsáætlun safnaðarins tekur mið af því að við erum að byggja upp starfið.

Rekstrarafgangur er nýttur til niðurgreiðslu á láni vegna prestbústaðar uns það er uppreitt.

Kosning í stjórn

Núverandi stjórn:

Aðalstjórn:

- Jónína Margrét Arnórsdóttir – formaður – Kjörinn 2017
- Katla Sveinbjörnsdóttir – varaformaður – Kjörin 2017 (kemur inn úr varastjórn ágúst 2019)
- Ingvar Örn Ingólfsson – gjaldkeri – Kjörin 2018
- Björn Hallbeck – ritari – Kjörin 2017
- Rebekka Ingibjartsdóttir – meðstjórnandi - Kjörinn 2018

Varamenn:

- Sigurdís Reynisdóttir - Kjörinn 2018
- Rannveig María Gísladóttir - Kjörinn 2018
- Guðrún Elín Svansdóttir - Kjörinn 2019
- Harpa Stefánsdóttir - Kjörinn 2019

Kosning í aðalstjórn:

Rebekka Ingibjartsdóttir hefur óskað eftir að hætta í stjórn og Rúnar Sigríksson vék úr stjórn sumar 2019 því þarf að kjósa um tov aðila. Katla Sveinbjörnsdóttir sem hefur sinnt stjórnarstörfum sem varamaður í stjórn frá sumri 2019 bíður sig fram til áframhaldandi starfa.

Kosning í varastjórn (varamenn):

Sigurdís og Harpa hafa hætt nú þegar og Rannveig óskar eftir að hætta í stjórn.

Því þarf að kjósa um fjóra aðila þar sem Katla Sveinbjörnsdóttir var tekinn í aðalstjórn á seinasta ári og ætla að bjóða sig til aðalstjórnar og vantar því fjóra aðila í varastjórn.

Í lögum safnaðarins stendur eftirfarandi um stjórn.

3.gr. Safnaðarstjórn

Stjórn safnaðarins er ásamt sóknarpresti í fyrirsvari fyrir söfnuðinn gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og einstaklingum. Hún hefur umsjón með eignum safnaðarins og fjárhag.

Stjórn safnaðarins annast rekstur og framkvæmdir á vegum safnaðarins og styður kirkjulegt starf í söfnuðinum ásamt prestum og starfsmönnum safnaðarins.

Stjórnarmenn skulu kosnir til fjögurra ára í senn og skulu þeir koma úr röðum safnaðarmeðlima.

Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund. Formaður skal boða til funda.

Stjórnarmenn eru fimm. Kjósa skal jafnmarga varamenn og taka þeir sæti í forföllum aðalmanna eftir þeirri röð sem þeir voru kosnir í.

Heimilt er safnaðarstjórn að kveða varamenn sér til liðsinnis þegar hún telur ástæðu til.

Safnaðarstjórn tekur mið af starfsreglum Íslensku Þjóðkirkjunnar um sóknarnefndir nr. 732/1998.

Safnaðarstjórn starfar einnig eftir siðareglum sem hún setur sér.

Tillögur

Stjórn leggur fram eftirfarandi tillögu:

"Aðalfundur Íslenska safnaðarins árið 2020 samþykki að menningar- og listanefnd verði lögð niður og í staðinn komi staða menningarfulltrúa í hlutastarf hjá söfnuðinum. Menningarfulltrúi muni sjá um skyldur þær sem menningar- og listanefnd bar ábyrgð á áður og hafi umsjón með menningarviðburðum á vegum safnaðarins. Menningarfulltrúi muni vinna eftir þar til gerðri starfslýsingu.

Menningarfulltrúi mun jafnframt aðstoða íslendingarfélög í Noregi sem eru í samstarfi við söfnuðinn við menningarviðburði. Áhersla er lögð á að efla íslenskt menningarstarf.

Staðan verði auglýst eftir að þessi tillaga er samþykkt."

Engar fleiri tillögur bárust stjórn fyrir 1. mars 2020.

Kosning í aðrar nefndir

Kjörnefnd:

- Rannveig María Gísladóttir – formaður – Kjörinn 2018
- Gunnar Hólm – Kjörin 2019

Kjörnefnd skal skipuð af þremur einstaklingum því þarf að kjósa um einn aðila inn í kjörnefnd.

Í lögum safnaðarins stendur eftirfarandi um kjörnefnd

4.gr. Kjörnefnd

Aðalfundur kýs þriggja manna kjörnefnd. Kjörnefnd stingur upp á fólki til setu í safnaðarstjórn. Kjörnefnd er kosin til fjögurra ára.

Laganefnd:

- Þór Garðarsson – formaður – kjörinn 2019
- Björn Hallbeck – kjörinn 2019

Laganefnd er sett á laggirnar eftir aðalfund 2019 en er ekki í lögum safnaðarins.

„Aðalfundur Íslenska Safnaðarins árið 2019 samþykkir að skipa laganefnd þriggja einstaklinga til að fara í gegnum lög og reglur safnaðarins með það að markmiði að færa þær nær nútímanum, nefndin mun vinna náið með stjórn safnaðarins sem mun skila henni sitt álit og hugmyndir af nýjum lögum. Nefndin mun skila af sér tillögum að lagabreytingum á aðalfundi.“

Persónuverndarstefna Íslenska safnaðarins í Noregi

Inngangur

Íslenski söfnuðurinn í Noregi (söfnuðurinn) vinnur með persónugreinanleg gögn um einstaklinga og vistar í upplýsingakerfum sínum. Söfnuðurinn leggur ríka áherslu á að tryggja, með margvíslegum hætti, trúnað, áreiðanleika og örugga og ábyrga meðferð upplýsinga en öll meðferð persónuupplýsinga fylgir gildandi lögum um persónuvernd í Noregi. Söfnuðurinn er ábyrgðaraðili þeirra persónuupplýsinga sem unnar eru á hans vegum.

Almennt

Söfnuðurinn einsetur sér að safna ekki frekari persónuupplýsingum en nauðsyn krefur miðað við tilgang vinnslu. Vinnsla persónuupplýsinga skal fara fram með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti, bæði gagnvart starfsmönnum safnaðarins og öðrum aðilum sem upplýsingar kunna að varða og skal öflun persónuupplýsinga vera í skýrum og málefnalegum tilgangi. Söfnuðurinn skal halda skrá yfir vinnslu um persónuupplýsingar, sbr. persónuverndarlög og yfirfara verklag í kringum vinnslu-aðgerðir með reglubundnum hætti. Gæta skal þess, að þeim sem vinnsla upplýsinga snýr að, sé veitt viðeigandi fræðsla áður en vinnsla hefst. Þá skal þess gætt að upplýsingar séu ekki varðveittar lengur en þörf krefur.

Hvað eru persónuupplýsingar?

Persónuupplýsingar samkvæmt persónuverndarstefnu þessari eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling. Einstaklingur telst persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í auðkenni eins og til dæmis nafn, kennitölu, netauðkenni eða eins eða fleiri þátta sem einkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, erfðafræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti.

Hvaða gögn

Um er að ræða gögn um meðlimi og starfsfólk. Persónuleg gögn er varða meðlimi eru meðal annars:

- Nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer og netfang.
- Upplýsingar um fermingar, skírnir og giftingar einstaklinga.
- Upplýsingar um fjölskylduhagi.
- Myndir.
- Lyfjaupplýsingar og heilsufarsupplýsingar (fermingarbörn, sumar- og unglingsbúðir).
- Viðveruskráningar (fermingarbörn).
- Virkni á heimasíðu, vafrakökur. Sjá eigin stefnu hér. ([linkur](#))

Persónuleg gögn er varða starfsfólk eru meðal annars:

- Nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer, netfang og nafn og símanúmer aðstandenda.
- Myndir.

- Heilsufarsupplýsingar.
- Sakavottorð.
- Viðveruskráningar.
- Tölvupóstar.
- Ráðningar- og launasamningar, launaútreikningur.
- Stéttarfélagsaðild.

Heimildir

Söfnuðurinn vistar og vinnur eingöngu með þau gögn sem nauðsynleg eru og heimilt er að vinna með samkvæmt lögum, samningum við aðila eða upplýstu samþykkti einstaklinga og annarra þeirra sem að verkefnum koma.

Hvaðan koma þær upplýsingar sem við vinnum með?

Að langmestu leyti koma upplýsingar sem söfnuðurinn vinnur með frá þjóðskrár Íslands og Noregs og einstaklingnum sjálfum. Í einstaka tilvikum koma upplýsingarnar þó frá þriðja aðila en þó með samþykki viðkomandi einstaklings. Sem dæmi má nefna lögreglu, heilbrigðisyfirvöld, lækna, skattayfirvöld, stéttarfélag, lífeyrissjóði, aðstandendur o.fl.

Til hvers notum við upplýsingarnar?

Gögn og upplýsingar sem söfnuðurinn geymir í upplýsingakerfum sínum, eru einungis notuð til að söfnuðurinn geti sinnt hlutverki sínu á sem bestan hátt. Íslenski söfnuðurinn í Noregi mun aldrei miðla persónuupplýsingum til utanaðkomandi aðila nema lagaskylda sé til þess.

Geymsla gagna

Söfnuðurinn setur sér starfsreglur um geymslu gagnanna til að koma í veg fyrir eða lágmarka skaða af völdum misnotkunar eða gáleysis. Gögnin eru ávallt vistuð innan EES svæðisins í samræmi við persónuverndarlög. Söfnuðurinn hýsir sýn gögn í skýjaþjónustu hjá Microsoft.

Varnir

Öll gögn og gagnavinnsla er varin þannig að einungis þeir sem heimild hafa til að vinna með gögnin, hafa aðgang að þeim, aðrir geta ekki skoðað gögnin. Þeir starfsmenn sem aðgang hafa að persónuupplýsingum safnaðarins hafa ýmist skrifað undir trúnaðaryfirlýsingu og/eða eru bundnir trúnaði samkvæmt lögum. Lagt er upp úr því að starfsmenn fái reglulega fræðslu um persónuvernd og öryggismál. Allar aðgangsheimildir að kerfum sem hafa að geyma persónuupplýsingar eru skráðar, þá eru uppflettanir einnig skráðar.

Afritun

Öll gögn hjá söfnuðinum eru afrituð til að tryggja að þau séu ætíð til staðar. Gögn safnaðarins eru hýst innan EES-svæðisins.

Áreiðanleiki

Söfnuðurinn leitast ætíð við að tryggja að upplýsingar og gögn séu rétt. Komi í ljós að upplýsingar séu rangt skráðar, eru þær uppfærðar.

Réttur einstaklinga til upplýsinga um vinnslu, aðgangs að eigin persónuupplýsingum, leiðréttingar og eyðingar gagna

Söfnuðurinn veitir öllum einstaklingum sem eftir því óska upplýsingar um og/eða aðgang að gögnum sem hann vinnur um einstaklinginn í samræmi við lög í Noregi. Þá getur einstaklingur einnig að meginreglu fengið leiðréttar rangar upplýsingar sem skráðar hafa verið um hann en vakin er athygli á því að sá réttur getur sætt takmörkunum, s.s. í tilvikum þar sem söfnuðurinn þarf að skila gögnum frá sér til opinberra aðila. Eyðing gagna getur sætt takmörkunum, s.s. vilji einstaklingur láta fjarlægja nafn sitt út sóknarmannatali, en í slíku tilviki gæti viðkomandi ekki tilheyrt söfnuðinum lengur. Þó er leitast við að verða við slíkum beiðnum eins og heimilt er samkvæmt gildandi lögum.

Önnur réttindi einstaklinga

Einstaklingar eiga rétt á að flytja upplýsingar um sig til annars aðila, sé slíkt tæknilega framkvæmanlegt. Undir tilteknum kringumstæðum getur verið fyrir hendi réttur til takmörkunar vinnslu. Einstaklingum er heimilt að andmæla vinnslu persónuupplýsinga og telj þeir vinnslu safnaðarins ekki vera með lögmætum hætti má leita til persónuverndarfulltrúa safnaðarins eða kvarta til Datatilsynet www.datatilsynet. Skipaður hefur verið persónuverndarfulltrúi sem m.a. tekur við beiðnum einstaklinga og setur þær í farveg þannig að unnt sé að svara einstaklingum innan ásættanlegs frests. Persónuverndarfulltrúi safnaðarins er Ingvar Örn Ingólfsson gjaldkeri safnaðarins. Skal erindum er snúa að persónuvernd, beint á netfangið personuvernd@kirkjan.no.

Öryggisbrestur

Öryggisbrestur felur í sér brest á öryggi sem leiðir til óviljandi eða ólögmætrar eyðingar persónuupplýsinga, sem eru sendar, varðveittar eða unnar á annan hátt, eða að þær glattist, breytist, verði birtar eða aðgangur veittur að þeim í leyfisleysi.

Söfnuðurinn leitast ætíð við að tryggja að upplýsingar og gögn séu varðveitt með öruggum hætti en komi upp öryggisbrestur við meðferð persónuupplýsinga þar sem staðfest er eða grunur leikur á um að persónuupplýsingar hafi komist í hendur óviðkomandi aðila er Datatilsynet og eftir atvikum einstaklingum sem málið varðar tilkynnt um öryggisbrest nema hann hafi ekki í för með sér mikla áhættu fyrir einstaklinga.

Íslenski söfnuðurinn í Noregi endurskoðar reglulega persónuverndarstefnu sína svo stefna þessi kann að taka breytingum.

Starfslýsing menningarfulltrúa

Starfsheiti: Menningarfulltrúi
Svið: Menning, list og tunga
Næsti yfirmaður: Stjórn

Lýsing á starfi

Menningarfulltrúi ber ábyrgð á, og hefur umsjón með menningar-, list- og þjóðlegum viðburðum á vegum Íslenska Safnaðarins í Noregi. Menningarfulltrúi vinnur í samstarfi við stjórn, prest og starfsmann á skrifstofu og ber ábyrgð á menningarhluta í starfi safnaðarins.

Menningarfulltrúi skal vera leiðandi í stefnumótun á menningarmálum safnaðarins.

Helstu verkefni

- Dagleg umsýsla, skýrsluhald og stefnumótun á sviði menningar og lista.
- Umsjón á menningar-, list- og þjóðlegum viðburðum í samstarfi við prest og starfsmann undir stjórn safnaðarstjórnar.
- Styrkja stöðu Íslenskrar tungu í Noregi
- Umsjón og yfirlit um mögulega styrki sem starfið nær yfir og sækja um styrki til menningar- og listviðburða
- Setja upp hálfis-árs dagskrá menningar-, list- og þjóðlegra viðburða tvisvar á ári og skila til stjórnar.
 - Janúar til og með júní skal skila fyrir þriðja þriðjudag nóvember.
 - Júlí til og með desember skal skila fyrir þriðja þriðjudag maí.
- Efla samstarf við íslendingafélög um allan Noreg, umsjón með styrkveitingu til þeirra vegna menningar-, lista- og þjóðlegra viðburða svo sem 17. júní og jólaball.
- Tryggja að 20% af menningar- og listviðburðum verði haldinn úti á landsbyggðinni.
- Halda utan um skrá yfir íslenskt listafólk búsett í Noregi.
- Efling samstarfs við aðra á sviði menningar og lista.
- Önnur verkefni sem stjórn felur starfsmanni á hverjum tíma.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun í menningar og/eða listafagi
- Skipulags- og stjórnhæfileikar
- Þekking og reynsla af lista- og menningarstarfi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta (íslenska, norska og enska)

Ábyrgðarsvið

- Ábyrgð á hverskyns list- og menningarviðburðum sem fara fram í nafni Íslenska Safnaðarins.
- Að gæta þess að fylgja fjárhagsáætlun sem gerð er af safnaðarstjórn, en er heimilt að sækja um utanaðkomandi styrki til viðbótarfjármögnunar.
- Að verkefnaval hafi að leiðarljósi kristileg gildi og siðferði.

Annað

- Menningarfulltrúi er í hlutastarfi og ræður notkun sinna tíma sjálfur.
- Allir starfsmenn Íslenska Safnaðarins skulu vinna í samræmi við ákvarðanir stjórnar og nýta verk færi stjórnar á hverjum tíma í samræmi við ákvarðanir stjórnar.
- Menningarfulltrúi lýtur sömu reglum um trúnað og þagnarskyldu og aðrir starfsmenn safnaðarins (sjá eigið skjal)
- Óheimilt er að nota stöðu sína gagnvart söfnuðinum til þess að leita eigin hagsmuna. Í málum þar sem upp gætu komið persónulegir hagsmunir ber að gera viðvart um það til safnaðarstjórnar.